Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Reykjavík 13.03.2009

# Blikastaðavegur 2-8 breyting á skilmálum deiliskipulags

- Gildandi deiliskipulags dags. 14. júlí 2008 er samþykkt í skipulagsráði 24.09.2008

**Greinargerð:**
Ástæðan fyrir ákvæði í gildandi deiliskipulagi um að heimila ekki kvikmyndahús á lóðinni er að samkvæmt Þróunaráætluninni um uppbyggingu bæjarkjarna á mörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar þá er gert ráð fyrir að slík starfsemi byggist upp á svokölluðum RALA reit. Sá reitur er norðan við Blikastaðaveg 2-8 og núverandi spennistöð og liggur að mörkum sveitarfélaganna. Þar er gert ráð fyrir margvíslegri þjónustustarfsemi, afþreyingu og menningu og jafnvel íbúðum á efri hæð. Til að breyta skilmálum í þá veru að menningarstarfsemi líkt og kvikmyndhús geti verið í Blikastaðveg 2-8 þá var haft samráð við skipulagsyfirvöld í Mosfellsbæ sem fallast á þessa breytingu með bréfi dags. 10.2.2009.

**Skilmálar eftir breytingu:**
Ákvæði um að ekki sé heimilt að reka kvikmyndhús á lóðinni er fellt út. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt í BORGARRÁÐI þann 2. apríl 2009 og a embættisafgr. skipul.stjóra þann 29. maí 2009.

Tillagan var auglýst frá 8. apríl 2009 með athugasemdafresti til 20. maí 2009.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann __________ 200_.

Ólöf Örvarsdóttir
_______________________________

SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐ
BORGARTÚN 12-14 105 REYKJAVÍK
SÍMI 411 1111 BRÉFASÍMI 411 3071
NETFANG: SKIPULAG@RVK.IS